

**Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis,  
b.t. Helgu Völu Helgadóttur, formanns,  
Alþingi  
101 Reykjavík.**


Reykjavík, 20. maí 2019.

Alþingi hefur nú til meðferð frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um breytingar á lögum um fiskeldi nr. 71/2008. Lagafrumvarpið grundvallast á niðurstöðum skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem var gefin út 23. ágúst 2017. Undirritaður hefur nú þegar sent atvinnuveganefnd Alþingis umsögn vegna frumvarpsins og auk þess mætt á fund nefndarinnar og gert grein fyrir þeim athugasemdum sem ég hef við frumvarpið (sjá fskj. nr. 1).

Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð áðurnefnds starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og telur að þau samræmist ekki á nokkurn hátt góðum stjórnsýsluháttum og kunni í ákveðnum tilvikum að fara gegn ákvæðum stjórnsýslulaga. Í þessu sambandi hef ég tekið saman athugasemdir um vinnubrögð starfshópsins og niðurstöður þeirrar skýrslu sem starfshópurinn skilaði af sér (sjá fskj. nr. 2). Jafnframt hefur undirritaður gert athugasemdir við svokallað „Áhættumat erfðablöndunar“, en starfshópurinn byggði niðurstöður sínar að hluta til á því (sjá fskj. nr. 3).

Vegna þeirra alvarlegu annmarka sem eru á þeim gögnum sem fyrirbyggjandi frumvarp byggir á, telur undirritaður að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis beri að taka málið upp og rannsaka og eftir atvikum að nefndin skipi óháða rannsóknaraðila til að yfirfara þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð.

Virðingarfyllst,

  
Valdimar Ingi Gunnarsson,  
Sjávarútvegsþjónustan ehf.

Afrit:  
Alþingismenn.